

Launakjör starfsfólks við beitningu - ákvæðisvinna við línu og net.

1. gr. Gildissvið:

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við uppstokkun eða beitningu í landi annarra en þeirra sem eru hlutaráðnir, enda gilda þar ákvæði sjómannasamninga. Samningurinn gildir jafnframt fyrir starfsmenn sem starfa við netavinnu.

2. gr. Launakjör:

a) Beitning með beituskurði:

- Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi kr.5,59 pr/krók upp að 540 króka bjóði.
- Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók.
- Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.
- Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi án annarrar vinnu við bátinn. pr. bjóð samkvæmt neðangreindri töflu

				Án orlofs	Með lágmarksorlofi 10,17%
Fyrir að beita bjóð	420	króka	5,59	2.349	2.588
Fyrir að beita bjóð	500	króka	5,59	2.797.	3.082
Fyrir að beita bjóð	540	króka	5,59	3.020	3.328
Fyrir að beita bjóð	600	króka	6,15	3.692	4.067

b) Beitning án beituskurðar:

- Greiða skal starfsmanni sem beitir í landi kr. 5,12 pr/krók upp að 540 króka bjóði enda þurfi hann ekki að sjá um beituskurð.
- Sé línan lengri skal greiða 10% álag til viðbótar pr/krók.
- Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.
- Þessi greiðsla fyrir beitningu miðast við að starfsmaður beiti án annarrar vinnu við bátinn

				Án orlofs	Með lágmarksorlofi 10,17%
Fyrir að beita bjóð	300	króka	5,12	1.536	1.692
Fyrir að beita bjóð	420	króka	5,12	2.150	2.369
Fyrir að beita bjóð	500	króka	5,12	2.560	2.821
Fyrir að beita bjóð	540	króka	5,12	2.765	3.046
Fyrir að beita bjóð	600	króka	5,63	3.378	3.722

c) Uppstokkun á línu:

- Fyrir uppstokkun á línu skal greiða 82% af verði fyrir beitningu á bjóði samkvæmt a-lið þessarar greinar.
- Greiðslur fyrir uppstokkun taka mið af lengd bjóða með sambærilegum hætti og er fyrir beitningu.
- Orlof er ekki innifalið í þessum tölum.

			Án orlofs	Með lágmarksorlofi 10,17%
420	króka bjóð	uppstokkun	1.926	2.122
500	króka bjóð	uppstokkun	2.293	2.527
540	króka bjóð	uppstokkun	2.477	2.729
600	króka bjóð	uppstokkun	3.027	3.335

3. gr. Landmenn

- Samið skal sérstaklega við þá sem sjá um að taka á móti bát úr róðri, sjá um að koma beitu fyrir í klefa og annast aðra umsýslu.

4. gr. Starfshlutfall:

- Starfsmaður sem stokkar upp eða beitir ákveðin fjölda bjóða á dag, samkvæmt eftirfarandi reglu, telst vera í fullu starfi við beitningu. Sé hann ráðinn til að beita færri bjóð skerðist starfshlutfall hans sem því nemur.
- Fullt starf er skilgreint í samningi þessum að beitt sé í 14 daga í mánuði hverjum. Sjá nánari skilgreiningu á fullu starfshlutfalli í d-lið í fylgiskjali með samningnum.

Bjóð með beituskurði	420	króka bjóð	=	6,55	bjóð á sjóferð
	500	króka bjóð	=	5,50	bjóð á sjóferð
	540	króka bjóð	=	5,06	bjóð á sjóferð
	600	króka bjóð	=	5,06	bjóð á sjóferð

Bjóð án beituskurðar	420	króka bjóð	=	7,18	bjóð á sjóferð
	500	króka bjóð	=	6,01	bjóð á sjóferð
	540	króka bjóð	=	5,57	bjóð á sjóferð
	600	króka bjóð	=	5,57	bjóð á sjóferð

Uppstokkun á línu	420	króka bjóð	=	7,78	bjóð á sjóferð
	500	króka bjóð	=	6,53	bjóð á sjóferð
	540	króka bjóð	=	6,09	bjóð á sjóferð
	600	króka bjóð	=	6,09	bjóð á sjóferð

5. gr. Kauptrygging

- Beitningamenn sem eru fastráðnir skulu hafa kauptryggingu á mánuði kr. 215.345.
- Kauptrygging starfsmanna miðast við að menn stokki upp eða beiti ákveðinn fjölda bjóða á mánuði miðað við fullt starf og hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Fjöldi bjóða tekur mið af lengd línu sem viðkomandi starfsmaður stokkar upp eða beitir reglulega. Komi til þess að brætur eða aðrar aðstæður hamli veiðum skal starfsmönnum tryggðar greiðslur fyrir fjölda bjóða í hlutfalli við neðangreinda reglu. Kauptrygging tekur þeim hækkunum sem verða á kjarasamningi SGS og SA á hverjum tíma.

Kauptrygging kr. 215.345 Með beituskurði	2.349	per 420 króka	91,67	bjóð á mánuði
	2.797	per 500 króka	77,00	bjóð á mánuði
	3.020	per 540 króka	71,30	bjóð á mánuði
Kauptrygging kr. 215.345 Án beituskurðar	2.150	per 420 króka	100,17	bjóð á mánuði
	2.559	per 500 króka	84,14	bjóð á mánuði
	2.764	per 540 króka	77,91	bjóð á mánuði
Kauptrygging kr. 215.345 Uppstokkun á línu	1.926	per 420 króka	111,79	bjóð á mánuði
	2.293	per 500 króka	93,90	bjóð á mánuði
	2.477	per 540 króka	86,95	bjóð á mánuði

- Sjá nánar skilgreiningu á fullu starfshlutfalli í 4. grein samningsins.

Hlífðarfatnaður:

- Þar sem ekki er lagður til hlífðarfatnaður (Svunta, viðeigandi vettlingar, buxur og sloppur) skal greiða fastráðnum beitningamönnum kr. 5.827 í fatapening á mánuði. Starfsmenn við netafellingu skulu fá viðeigandi hlífðarfatnað.

6. gr. Vinna við línu og netavinnu:

Uppsetning línu:

Fyrir að hnýta 1000 nælontauma	kr.	2.732
Sé aðeins hnýttur krókur	kr.	1.916
Fyrir að setja upp línu, 100 tauma	kr.	872
Vinna við þorskanet:		
Fyrir að fella net á teina (blý- og floteina)	kr.	1.912
Fyrir að setja netaslöngu á pípur	kr.	820
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	kr.	149
Samtals þorskanet	kr.	2.881
Fyrir að fella net á notaða teina og gera við greiðist 10% álag til viðbótar kr, 1.912	kr.	2.103
Fyrir að skera af neti, losa brjóst af teinum og hringa teinana.	kr.	2.014

Vinna við grásleppunet:

Fyrir að fella grás.net á teina (blý-og flotteina)	kr.	2.295
Fyrir að setja grásleppunetslöngu á pípur	kr.	1.640
Fyrir að setja brjóst fyrir báða enda	kr.	149
	Samtals grásleppunet	kr. 4.083
Fyrir að náfella grásleppunet	kr.	5.380
Fyrir að fella grásleppunet á notaða teina og gera við greiðist 10% álag til viðbótar, kr. 2.295	kr.	2.525
Fyrir að skera af grásleppuneti, losa brjóst af teinum og hringa teinana.	kr.	2.373

Samningurinn í heild sinni er á www.sgs.is undir Kjaramál